

GJALDSKRÁ **fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi**

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirða:

Blandaður úrgangur 240 l tunna	12.050 kr.
Blandaður úrgangur 660 l tunna	22.000 kr.
Blandaður úrgangur 1000 l tunna	31.000 kr.
Pappír/plast 240 l tunna	7.120 kr.
Pappír/plast 660 l tunna	12.170 kr.
Pappír/plast 1000 l tunna	16.200 kr.
Lífúrgangur 30 l tunna	8.950 kr.
Lífúrgagnur 240 l tunna	27.700 kr.
 Tæmingargjald (fast gjald)	 13.500 kr.

Rekstur grenndar – og söfnunarstöðva:

Íbúðir og frístundahús	27.800 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur A	79.700 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur B	151.000 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur C	324.000 kr.

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald vegna sorphirðu hræðýragáms er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 945 pr. stk.
Hross	kr. 745 pr. stk.
Sauðfé	kr. 175 pr. stk.
Hænur	kr. 27,7 pr. stk.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1736/2023.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. janúar 2025.

Samþykkt á 144. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 3. desember 2024.


Þórunn Sif Harðardóttir, Sveitarstjóri

